

Lög Hollvinasamtaka Reykjalundar

1.gr. Nafn samtakanna

Félagið heitir Hollvinasamtök Reykjalundar. Heimili þess og varnarþing er í Mosfellsbæ.

2.gr. Hlutverk

Tilgangur félagsins er að styðja við þá endurhæfingarstarfsemi sem fram fer á vegum Reykjalundar í samráði við yfirstjórn Reykjalundar. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með:

- Fjáröflun og fjárstuðningi frá hollvinum og öðrum aðilum
- Kynningarstarfsemi á opinberum vettvangi
- Öðrum stuðningi við starfsemi Reykjalundar

3.gr. Félagsaðild

Meðlimir félagsins eru þeir einstaklingar, fyrirtæki og/eða félagasamtök sem greiða árgjald þess. Árgjald er ákveðið af stjórn félagsins hverju sinni. Sé árgjald ekki greitt á tilsettum tíma telst viðkomandi hafa sagt sig úr samtökunum.

4.gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda eigi síðar en í maí ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með sannanlegum hætti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Fundurinn er lögmaður sé löglega til hans boðaður.

Dagskrá aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla formanns og stjórnar
- Reikningar lagðir fram til afgreiðslu
- Tillaga um árgjald
- Starfsáætlun ársins
- Lagabreytingar
- Kosning formanns
- Kosning annara stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna
- Önnur mál

Tillögur að lagabreytingum skal senda skriflega til formanns ekki seinna en viku fyrir aðalfund. Til breytinga á lögum félagsins þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa allir skuldlausir félagsmenn.

5.gr. Stjórnun

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og skal skipuð; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera, meðstjórnanda og tveimur varamönnum. Varamenn sitja stjórnarfundi.

6. gr. Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Tekjustofn félagsins eru árgjöld og aðrar tekjur sem félagið kann að afla.

7.gr. Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Verði félagið lagt niður skal eignum þess ráðstafað til Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS.

Samþykkt á stofnfundi 2. nóvember 2013